

Fimmtudaginn 4. febrúar 1993.

Nr. 308/1992. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Grétari Haffjörð Jónatanssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Ölvun við akstur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. júní 1992 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu.

Ákærði krefst sýknu af kröfum ákærvalds.

Í hinum áfrýjaða dómi er því lýst, hvernig komið var að ákærða með bifreiðina í gangi og að drifhjól hennar hafi snúist. Fallast ber því á þá niðurstöðu dómsins, að sannað sé með framburði vitna og niðurstöðu alkóhólrannsóknar, að ákærði hafi brotið gegn ákvæðum 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ákærði hefur nokkrum sinnum áður orðið uppvís að broti á umferðarlögum, síðast með sektardómi sakadóms Vestmannaeyja 30. mars 1984. Hafa dómur þessir ekki áhrif á viðurlög í þessu máli. Þykir því mega staðfesta sektarákvörðun héraðsdóms, en samkvæmt 101. gr. og 2. mgr. 102. gr. umferðarlaga verður ákærði sviptur ökuréttindum í eitt ár frá birtingu héraðsdóms að telja.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun máls þessa, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um sekt, vararefsingu og sakarkostnað.

Ákærði, Grétar Haffjörð Jónatansson, skal sviptur ökuleyfi sínu í eitt ár frá birtingu héraðsdóms í máli þessu.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttar-lögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 19. maí 1992.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 5. þ. m., er höfðað hér fyrir saka-dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 4. mars 1991, á hendur Grétari Haffjörð Jónatanssyni, Hilmisgötu 5, Vestmannaeyjum. Í ákæruskjali gerir ríkissaksóknari grein fyrir ákæruatriðum og dómkröfum með eftirgreindum hætti:

„.... fyrir að aka aðfaranótt mánudagsins 12. mars 1990 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R-18553 um götur í Reykjavík og áleiðis til Þorlákshafnar og svo óvarlega austur Suðurlandsveg skammt ofan við Geitháls, að bifreiðin hafnaði þar utan vegar og festist, og fyrir að reyna að aka bifreiðinni, þar sem hún stóð föst. Telst þetta varða við 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar öku-réttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Tekið var til varna af hálfu ákærða og gerðar þær dómkröfur, að hann yrði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og hæfileg málsvarnarlaun skipaðs verjanda greidd úr ríkissjóði.

Mánudaginn 12. mars 1990 kom vegfarandi á lögreglustöðina í Árbæ og tilkynnti, að bifreið á austurleið væri utan vegar rétt austan við Geitháls. Í frumskýrslu lögreglu segir, að vegfarandinn hafi talið ökumanninn vera ölvaðan. Tveir lögreglumenn, vitnin Rúnar Oddgeirsson og Sveinn Guðni Guðnason, voru sendir á staðinn og komu að ákærða sofandi í ökumanns-sæti bifreiðarinnar. Bifreiðin var í gangi, en sat föst í snjó. Ákærði var færður á lögreglustöð vegna grunar um ölvun við akstur. Í þágu rannsóknar málsins var læknir fenginn til að draga blóð úr ákærða, og samkvæmt vott-orði frá Rannsóknastofu háskólans í lyfjafræði reyndist magn alkóhóls í blóðsýninu vera 1,80‰, en í þvagsýni, er ákærði lét einnig í té í þessu sambandi, reyndist magnið vera 2,62‰.

Við meðferð málsins hefur ákærði neitað sakargiftum. Hann kvaðst hafa verið á austurleið í bifreið sinni og ferðinni heitið í Þorlákshöfn, en talið rétt að vera tímanlega vegna snjóþyngsla. Ekki kvaðst ákærði hafa verið undir áhrifum áfengis, en ekið nokkuð greitt og misst bifreiðina út af vegin-

um rétt ofan við Geitháls. Þótt hann hafi nú reynt að ná bifreiðinni aftur upp á veginn, hafi það verið árangurslaust og bifreiðin setið algjörlega föst. Skömmu síðar kvaðst ákærði hafa stöðvað vegfaranda og beðið öikumanninn að hjálpa sér við að losa bifreiðina. Þegar þetta hafi verið, hafi hann verið búinn að taka upp bjórdós og drukkið bjór, um leið og hann gæddi sér á samloku. Þótt hann sjálfur ýtti á bifreiðina og vegfarandinn settist undir stýri, hefði þeim ekki tekist að losa bifreiðina. Ákærði kvaðst hafa beðið manninn að leita aðstoðar Árbæjarlögreglunnar, en sjálfur sest undir stýri, og þar sem kalt hafi verið í veðri, hafi bifreiðin verið í gangi og miðstöðin á. Tvo eða þrjá Löwenbräu-bjóra hafi hann drukkið og borðað samlokur, meðan hann beið aðstoðar lögreglu, en þegar hann hafi verið búinn með bjórinn, hafi hann hent bjórdósunum ásamt öðru rusli, en síðan hallað sér aftur í sætinu og sofnað, en vaknað við það, að lögreglan kom á staðinn. Hann tók fram, að þótt hann hefði haft bifreiðina í hlutlausum gír, hefði gírstöngin verið komin í þá stöðu, sem notuð sé við áframakstur (drive), en bifreiðin sé sjálfskipt. Hann kvað lögreglumennina hafa beðið sig að koma með sér á lögreglustöðina og gefið þá skýringu, að þeir teldu sig ölvadan við akstur. Ákærði kveðst strax hafa neitað því að hafa ekið ölvadur, en þeir talið annað. Sér hafi brugðið mjög, þegar lögreglumennirnir hafi borið á sig ölvunarakstur, og gripið þá til þess að segja bróður sinn hafa ekið, en fljótlega breytt þeim framburði við frekari lögreglurannsókn. Ákærði sagðist telja, að hann hefði skrifað undir varðstjóráskýrslu að óathuguðu máli, en þar kemur fram viðurkenning hans á því að hafa reynt að ná bílnum upp á veginn aftur, eftir að hann hefði verið búinn að neyta bjórsins.

Vitnið Sveinn Guðni Guðnason lýsti aðkomu lögreglumannanna að bifreið ákærða, en hún hefði verið með þeim hætti, að bifreið ákærða hefði verið utan vegar í gír og drifhjól hennar snúist. Ákærði hefði sofið ölvunarsvefni fram á stýri bifreiðarinnar. Vitnið kvað þá hafa vakið ákærða, og hefði hann verið greinilega ölvadur. Vitnið varð ekki vart við bjórdósir í bifreiðinni og kvað ekki sérstaklega hafa verið leitað eftir þeim. Vitnið sagði, að bifreiðin hefði verið í gangi, er þeir lögreglumennirnir komu að henni, en það gat alls ekki fullyrt, hvort bifreiðin var í áfram- eða afturábakgír. Vitnið staðfesti framburð, sem það hafði gefið við lögreglurannsókn, að ákærði hefði í fyrstu bent á annan sem öikumann, en síðan fallið frá þeim framburði, en sagst hafa drukkið bjór, eftir að bifreiðin var komin út af veginum.

Vitnið Rúnar Oddgeirsson kvað eins og vitnið Sveinn Guðni greinilegt, að ákærði hefði verið ölvadur. Vitnið sagði, að snjóað hefði klukkustund, áður en það kom á vettvang, og taldi vitnið með hliðsjón af því og greinilegum hjólförum í snjónum, að bifreiðinni hefði verið ekið út af veginum eftir

það. Vitnið minntist þess ekki að hafa leitað eftir þjórdósum í bifreiðinni, en vitnið sá spor ákærða við bifreiðina, en ekki annarra. Það kvaðst hafa kannað vettvang sérstaklega, þar sem ákærði hefði borið því við, að annar hefði ekið en hann sjálfur. Vitnið kvaðst vera öruggt um, að bifreiðin hefði verið í afturábakgír, er það og Sveinn Guðni komu á staðinn, því að það kvaðst muna að hafa tekið bifreiðina úr gír, en er að var komið, kvað vitnið, að afturhjólin hefðu snúist í sífellu.

Vitnið Björn Sigurðsson, sem tekið hafði varðstjóráskýrslu af ákærða við komu ákærða á lögreglustöð, studdi þá ákvörðun sína með því, að því hefði fundist ákærði vel viðræðuhæfur, þótt hann væri áberandi ölvaður. Í þessu sambandi fullyrti vitnið, að ákærði hefði gert sér grein fyrir því, hvar hann var staddur og um hvað væri verið að fjalla.

Niðurstaða.

Óumdeilt er, að þegar komið var að ákærða, var bifreiðin í gangi og drifhjól hennar snerust, hvort tveggja fyrir tilverknað ákærða, en ákærði svaf fram á stýri bifreiðarinnar, sem sat föst í skafli utan vegar. Í samræmi við niðurstöðu alkóhólrannsóknar sem og með stoð í framburði lögreglu-mannanna, er á vettvang fóru, er sannað, að ákærði hefur þá verið undir áhrifum áfengis. Með þessu atferli sínu, verður að telja, að ákærði hafi gerst brotlegur við 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en sú lagagrein bannar þeim, sem eru undir áhrifum áfengis, að stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki. Það að gangsetja bifreiðina og gera drifkraft hennar virkan er að mati dómarsins akstur í skilningi umferðarlaga. Ekki leysir það ákærða undan sök í þessu sambandi, þótt hann af gáleysi hafi rekið sig í gírstöngina.

Það, hversu ákærði var staðfestulaus í framburði við frumrannsókn málsins, eykur ekki á trúverðugleik framburðar hans við frekari rannsókn þess. Fullyrðing ákærða um samskipti sín við tilkynnanda er ekki trúverðug, og það ber vissulega vott um mikið dómgreindarleysi hjá ákærða að bíða eftir lögreglu með bifreiðina í gangi, súpandi á áfengu öli. Ljóst er hins vegar, að ekki leysir það ákærða undan sök, þótt hann kunni að hafa neytt áfengis við aksturinn, enda ber þá að líta svo á, að hið aukna áfengismagn, sem við það myndaðist, eftir að akstri lauk, hafi verið í blóðinu við aksturinn, sbr. 4. mgr. 45. gr. laga nr. 50/1987. Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið nokkuð greitt austur Suðurlandsveg, og hann viðurkennir að hafa fyrri hluta sunnudags 11. mars 1991, daginn fyrir umgetinn akstur, fundið til áfengisáhrifa, en ekki neytt áfengis eftir það.

Þótt ákærði neiti hér afdráttarlaust sök, þykir verða í samræmi við niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar og framburð vitnanna Sveins Guðna Guðnasonar og Rúnars Oddgeirssonar og með skírskotun til fram lagðra sakar-

gagna að telja nægilega sannað, að ákærði hafi aðfaranótt mánudagsins 12. mars 1990 ekið bifreiðinni R-18553 undir áhrifum áfengis um götur í Reykjavík og áleiðis til Þorlákshafnar, allt eins og nánar greinir í ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 4. mars 1991, en þar er í samræmi við framanritað hegðun ákærða réttilega lýst og hún færð til réttra refsilaga-ákvæða.

Ákærði, Grétar Haffjörð Jónatansson, er sakhæfur, en hann hefur sætt refsingum sem hér segir:

— — —
[Ákærði hefur níu sinnum sæst á greiðslu sekta, þar á meðal 24. mars 1983 fyrir ölvunarakstur, og undirgekkst hann þá jafnframt fjögurra mánaða ökuleyfissmissi. Hann var 1984 dæmdur í sekt og ævilanga ökuleyfis-sviptingu fyrir ölvunarakstur. Ökuleyfi var veitt að nýju 7. júlí 1987.]

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 48.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 16 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Að kröfu ákærvalds ber að svipta ákærða ökuleyfi. Eins og fram kemur á sakavottorði, var ákærði sviptur ökuleyfi ævilangt með dómi sakadóms Vestmannaeyja 30. mars 1984, en veitt heimild til ökuleyfis að nýju 7. júlí 1987. Er ákærði framdi brot það, sem um getur í dóminum, voru í gildi umferðarlög nr. 40/1968, og gerðist ákærði brotlegur við 25. gr. laganna, sem svarar efnislega til 45. gr. núgildandi umferðarlaga nr. 50/1987.

Brot ákærða nú verður því, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga, talið ítrekað brot gegn 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og ber því í samræmi við 101. og 1. ml. 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 að svipta ákærða ökuleyfi í tvö ár frá birtingu dóms þessa að telja, og frestar það ekki verkun hans að þessu leyti, þótt dóminum verði áfrýjað, sbr. 104. gr. laga nr. 50/1987.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóhanns Péturssonar hdl., en þau eru hæfilega ákveðin 40.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari dæmir mál þetta.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Grétar Haffjörð Jónatansson, greiði 48.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 16 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi sínu í tvö ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóhanns Péturssonar hdl., 40.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
